



# AÐSTANDENDUR OG FYLGDARMENN Á BRÁÐAMÓTTÖKU

Á bráðamóttöku í Fossvogi er ekki unnt að stjórna fjölda sjúklinga á deildinni hverju sinni. Því eru takmarkanir á fjölda aðstandanda/fylgdarmanna.

- ▶ **Einn aðstandandi/fylgdarmaður** má fylgja sjúklingi þegar aðstæður leyfa. Leyfið getur verið afturkallað af öryggisástæðum.
  - Í undantekningartilfellum er veitt leyfi til að fleiri aðstandendur/fylgdarmenn séu viðstaddir.
  - Óæskilegt er að margir aðstandendur/fylgdarmenn skiptist á að koma til sjúklings.
  - Reglur um aðstandendur/fylgdarmenn geta breyst ef spítalinn er á óvissustigi, hættustigi eða neyðarstigi.
  - Aðstandendur/fylgdarmenn eru beðnir að dvelja hjá sjúklingi á meðan heimsókn stendur eins og kostur er.
- ▶ **Börn undir 12 ára aldri** eiga ekki að vera inn á meðferðarsvæði nema þá sem sjúklingar eða í undantekningartilvikum með leyfi vaktstjóra eða stjórnandi læknis.
- ▶ Ekki eru veittar upplýsingar um sjúklinga nema til aðstandenda sem hafa skráð leyfi í sjúkraskrá að megi fá upplýsingar um sjúkling.
- ▶ **Pagmælsku** er krafist um það sem aðstandendur/fylgdarmenn kunna að heyra og sjá varðandi sjúklinga á deildinni.
- ▶ **Mynd- og hljóðupptökur á spítalanum** eru óheimilar.
- ▶ **Ofbeldi og áreitni gagnvart starfsfólki, sjúklingum eða öðrum** er ekki liðið á Landspítala.